

C-listanum, þótt staða meðmælenda væri ekki tilgreind og heimilið eigi nánar en 23. febr. á A-listanum. Ákvæðin í 1. hl. 2. gr. nefndra laga um að þetta tvennt skuli greint við nöfn meðmælenda, verða sem sje ekki skoðuð sem ófrávikjanlegt skilyrði fyrir gildi listanna, því þá væru þau eigi í samræmi við ákvæðin um einkenning fulltrúaefnanna í 3. l.l. greinarinnar, enda liggur beint við að skilja þau svo, að þar með sje gefin föst regla um það, hvað kjörstjórn geti heimtað til þess, að ganga úr skugga um, hverjir meðmælendurnir sjeu, svo að ekki verði villst á þeim og öðrum kjósendum. Viti kjörstjórnin full deili á meðmælendunum eða svo mörgum af þeim, sem eptir lögnum þarf til þess að listi verði tekinn til greina, og þekki hún með vissu, að þeir fullnægja skilyrðum um kosningarjett án þess að hún þurfi á tjeðum upplýsingum að halda, virðist engin sennileg ástæða geta verið til þess að hún neiti að hafa hin framboðnu fulltrúaefni í kjöri. Til slíks mundi þurfa skýlaust ákvæði um ógildi lista fyrir formgalla á líkan hátt og ákveðið er í 8 gr. laganna um ógildi kjörseðla, en það er eigi í lögnum. Þvert á móti er ákveðið, að ef kjörstjóra þykir ástæða til að álíta lista ógildan, skuli það gjört með sjerstökum úrskurði fyrir kjörfund, og koma ástæður og atvik þannig undir mat hennar í hverju einstöku tilfelli.

Samkvæmt framanskráðu verður að álíta, að formgallar þeir, sem voru á listunum, geti ekki haft nein áhrif á gildi kosningarinnar, og er því hjermeð ákveðið, að úrskurðir bæjarstjórnar Akureyrar 10. og 12. f. m. um að bæjarstjórnarkosningin 4. s. m. skuli gild, skuli óraskaðir standa.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir bæjarstjórninni.

Brjef stjórnarráðsins til allra sýslumanna og bæjarfógetans í Reykjavík um að tilkynna lát Færeyinga, sem andast hjer á landi. 38 28. febr.

Færeysk yfirvöld hafa borið sig upp undan því við stjórnarráðið, að það beri eigi allsjaldan við, að menn frá Færeijum andist hjer á landi, án þess að þarum sje send nokkur skýrsla til Færeysja.

Útaf þessu skal stjórnarráðið hjermeð brýna fyrir yður, herra sýslumaður (bæjarfógeti), að tilkynna það jafnan sórenskrifaranum á Færeijum sem skiptaráðanda þar, þá er Færeyingar andast í lögsagnarumdæmi yðar, eins þótt hann láti þar engar eigur eptir sig.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um endurgjald á veittum sveitarstyrk. 39 3. marz

Með brjefi dags. 3. janúar þ. á. hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað erindi frá hreppsnefndinni í Miklaholtshreppi í sýslu yðar, þar sem hún áfrýjar

39 til stjórnarráðsins úrskurði amtmannsins yfir Suður- og Vesturamtinu dags. 24. 3. marz febr, f. á. um, að tjeður hreppur skuli endurgjalda Barðastrandarhreppi í Barðastrandarsýslu sveitarstyrk veittan stúlkunni Halldóru Stefaniú Guðmundsdóttur á árunum 1901 og 1902, að upphæð 243 kr. 4 a.

Útaf þessu skal yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndinni í Miklaholtshreppi, að þarsem eigi þykir ástæða til að vefengja yfirlýsingar þær, er fyrir liggja í málinu um að geðveiki nefndrar stúlkú hafi verið þannig háttað, að meðlög Barðastrandarhrepps með henni megi teljast hæfileg eptir málavöxtum, skal úrskurður amtmannsins óhaggaður standa.

Úrskurður amtmanns.

Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu hefur í brjefi, dags. 30. desbr. f. á., lagt undir úrskurð amtsins ágreining milli yðar, velborni herra sýslumaðnr, og sín útaf kröfu Barðastrandarhrepps á hendur Miklaholtshreppi til endurgjalds á framlagi með vitskertri stúlkú, Halldóru Stefaniú Guðmundsdóttur frá 9. júlí 1901 til 20. maí 1902, að upphæð 243 kr. 4 a., og er mál þetta hjermeð úrskurðað á þessa leið.

Fyrnefnd Halldóra Stefaniá Guðmundsdóttir, sem eptir nokkurt þref þar að lútandi er viðurkennd sveitlæg í fæðingarhreppi sínum Miklaholtshreppi, var sögð til sveitar á sumrinu 1901 af þáverandi húsbónda sínum Jósías Fr. Bjarnasyni í Haga í Barðastrandarhreppi, vegna stórkostlegrar fötlunar á geðsmunum hennar, eins og komizt er orði, og tekin til sveitarframfærslu í nefndum hreppi. Hreppsnefndin í Miklaholtshreppi hefur af ýmsum ástæðum, sem þjer þó eigi að öllu leyti hafð getað fallizt á, neitað að borga alla upphæðina, sem eptir hinum framkomnu reikningum nemur eins og sagt er 243 kr. 4 a., en eptir því sem skýrt er frá í fyrnefndu brjefi sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, dags. 30. desbr. f. á., hefur krafan upphaflega verið 253 kr. 4 a., sem 10 kr. hafi verið greiddar upp í, án þess að það sjáist, í hverju það framlag hafi verið fólgið, þrátt fyrir tilvísun sýslumannsins í Barðastrandarsýslu í brjefi, dags. 20. septbr. f. á, til brjefs hans til yðar, dags. 31. jan. f. á. Jeg hef samt eigi fundið ástæðu til að tefja þetta mál, sem þegar hefur orðið fyrir ótilhlýðilegum drætti, með að leita upplýsinga hjer um. Líkast til eru þessar 10 kr. kostnaður útaf burthlaupi Halldóru frá Brjánslæg úti Bildudal 21. oktbr. 1903. Mótbárurnar á móti kröfu Barðastrandarhrepps eru aðallega byggðar á fyrirmælum tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi, 26. jan. 1866, 23. og 26. gr., og hefur hreppsnefndin í Miklaholtshreppi haldið því fram, að fæðispeninga fyrir stúlkuna sje ranglega krafizt og að hún hafi unnið fyrir nokkru kaupi fram að 9. júlí 1901, er hún var tekin til sveitarframfærslu, en þjer hafð álitid, að fæðispeningar fyrir Halldóru frá 9. júlí 1901 til 6. apríl 1902, og jafnvel einnig frá 6. apríl 1902 til 20. maí 1902, sjeu eigi rjettilega taldar í reikningnum, og sjerstaklega tekið það fram, að meðgjöfin með Halldóru virðist óvanalega eða jafnvel ósanngjarnlega há að nokkru leyti eða á sumum þeim stöðum þar sem henni var komið fyrir.

Þótt svo sje, að hinar tilvitnuðu greinir um vinnuhjú á Íslandi eigi við um vinnufólk, sem verður brjáláð í vistarverunni, þá getur eigi verið spursmál um, að draga frá kröfu hreppsnefndarinnar í Barðastrandarhreppi fæðispeninga

frá 9. júlí 1901, er Halldóra var tekin til sveitar, til 6. apríl 1902, er þjer álitid, að vist hennar hjá Jósías Fr. Bjarnasyni á Haga hafi verið á enda, því að stúlkan var tekin frá heimili hans 9. júlí 1901, og frá þeim tíma má telja að hún hafi notið sjerstaklegrar aðhjúkrunar, en enginn húsbóndi gæti skyldast til að borga fæðispeninga með hjúu sínu veiku, sem yrði tekið úr heimili hans til sjerstaklegrar hjúkrunar og aðgæzlu annarsstaðar. Þar sem þjer getið þess, að þess hafi eigi verið gætt, sem fyrirmælt sje í 26. gr. fyrnefndrar tilskipunar, að því leyti, sem húsbóndi Halldóru hafi eigi beðið hreppsnefndina, að endurgjalda þann kostnað, sem leiddi af sjerstaklegri aðhjúkrun, þá hefur þetta vitanlega legið í beiðni hans um, að Halldóra yrði tekin til sveitarframfærslu. Yfirleitt liggja þar að auki alls eigi greinilegar upplýsingar fyrir um vistarráð Halldóru hjá Jósías Fr. Bjarnasyni, sem er dáinn; sjerstaklega er óvissa um skildagann, sem átti að vera einhverntíma á einmánuði og sem miðaður hefur verið við 6. apríl, og um kaup Halldóru er ekkert upplýst. Þar sem þjer einnig álitid, að draga eigi frá kröfunni fæðispeninga eða matarverð fyrir tímann frá 6. apríl 1902 til 20. maí 1902 vegna þess að Halldóra, eptir staðhæfingu hreppsnefndarinnar í Miklaholtshreppi, hafi þá verið heilbrigð og unnið fyrir fæði, þá liggur alls eigi fyrir nein sönnun fyrir því; hún hefur þann tíma verið á vegum sveitarinnar, enda eru lítil líkindi til þess að hún hafi verið vinnufær uppúr langvinnri brjálsemi, en Miklaholtshreppur hefði að líkindum komizt hjá að greiða þessa upphæð, hefði nefndin þar eigi dregið málið um skör fram.

Jeg get heldur eigi álitid, að meðgjöfin með Halldóru hafi verið of há, og að ástæða sje til þess að færa hana niður, en eptir því, sem ástandi hennar er lýst í bréfi hreppsnefndaroddvitans í Barðastrandarhreppi, sjera Bjarna prófasts Símonarsonar á Brjánslæk, dags. 27. febr. 1902, hlýtur hún á stundum að hafa verið mjög erfiður ómagi, enda segir sýslumaður um hana, að hún hafi verið trylltur og æðisgenginn vítfirringur; að því leyti er snertir það atriði, að lækniir hafi eigi verið sóttur til hennar, heldur aðeins álits lækniis verið leitað um hana, þá verð jeg að álita, að hjer var enginn efi fyrir höndum um brjálsemi stúlkunnar, sem hverjum manni var augljós og það hefði verið alveg þýðingarlaust að láta lækni sjá hana, en engin tók voru á því að hafa hana undir stöðugu eptirliti lækniis.

Jeg verð þannig að álita, að framlag Barðastrandarhrepps með stúlkunni Halldóru Stefaniu Guðmundsdóttur sje löglegur og hæfilega veittur fátækrastrykur, og er hjer með ákveðið, að Miklaholtshreppur skuli endurgjalda fyrnefndum hreppi 243 kr. 4 aura.

Jafnframt því þjenustusamlega að tjá yður þetta, yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndinni í Miklaholtshreppi, skal jeg mælast til þess, að þjer vilduð annast um, að hún greiði sem fyrst nefnda upphæð.

Brjef stjórnnarráðsins til sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um endurgjald á veittum sveitarstyrk.

40

8. marz

Sýslumaðurinn í Dalasýslu hefur skotið til stjórnnarráðsins ágreiningi milli yðar, herra sýslumaður, og hans um kröfu Haukadalshrepps á hendur Neshreppi